

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Bykoreitur, reitur 1.138.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 31. ágúst 2017, breytingu á deiliskipulagi Bykoreits, reitur 1.138. Í breytingunni felst að skilgreina fjölda íbúða. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Hólatorgsreitur, Sólvallagata 2.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 30. ágúst 2017, breytingu á deiliskipulagi Hólatorgsreits vegna lóðarinnar nr. 2 við Sólvallagötu. Í breytingunni felst að núverandi stærð hússins er leiðrétt í skilmálatöflu og nýtingarhlutfall er uppreiknað. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Jöklasel 21-23.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 30. ágúst 2017, breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 21-23 við Jökla- sel. Í breytingunni felst að stækka lóð og fjölga bílgeymslum um eina. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Arngrímshaga 5.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 16. ágúst 2017, breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands vestan Suðurgötu vegna lóðarinnar nr. 5 við Arngrímshaga. Í breytingunni felst færsla á niðurkeyrslu við húsið. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Kennaraháskóli Íslands, reitur 1.254.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 22. júní 2017, breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.254, Kennaraháskóli Íslands. Í breytingunni felst uppbygging á hluta núverandi lóðar Kennaraháskóla Íslands fyrir byggingu 60 íbúða fyrir eldri borgara og allt að 100 íbúðir fyrir námsmenn. Auk þess eru skilgreindar á ný byggingarheimildir fyrir lóð Kennaraháskóla Íslands. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Hverfisgata 40 og Laugavegur 25A.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 11. ágúst 2017, breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.0, Brynjureits, vegna lóðanna nr. 40 við Hverfisgötu og 25A við Laugaveg. Í breytingunni felst sameining lóða, breyting á byggingarreit og breyting á skilmálum varðandi bílastæði og bílastæðakröfur. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 31. ágúst 2017.*

**Björn Axelsson.**